



# Opin fjármál Reykjavíkurborgar

## Lýsing á gagnasafni

### Heiti gagnasafns

„Opin fjármál Reykjavíkurborgar“

### Inngangur

Samstæða Reykjavíkurborgar skiptist í A-hluta og B-hluta. A-hluti samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Í Aðalsjóði fer fram rekstur grunnskóla, leikskóla, frístunda- og íþróttamála, velferðarmála, skipulags- og byggingarmála auk menningar- og ferðamála. Í Bílastæðasjóði fer fram rekstur bílastæða og bílastæðahúsa. Í Eignasjóði fer fram rekstur eigna og gatnamannvirkja. Leiga fasteigna, gatna, áhaldna, tækja og búnaðar er færð til tekna í Eignasjóði og gjalda í Aðalsjóði.

Til B-hluta teljast fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar, þ.e. Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Gögn vegna B-hluta eru ekki birt í gagnaskráum um opin fjármál Reykjavíkurborgar.

**Opin fjármál Reykjavíkurborgar** birta ársuppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar. Gögnin eru sundurliðað á sjóði, skipulagseiningar og tegundaflokkun tekna og útgjalda. Gögnin eru sundurliðuð á ársfjórðunga. Útgjöld eru sundurliðuð á birgja, nema í þeim tilvikum að um viðkvæmar persónuupplýsingar sé að ræða sem varða t.d. velferðarþjónustu gagnvart einstaklingum.

### Birting

**Birting á vef Reykjavíkurborgar:** Opin fjármál Reykjavíkurborgar er rafræn gagnagátt á sérstöku gagnasvæði á vef Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/opinfjarmal>. Í gagnagáttinni eru birt gögn úr fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar yfir valin tímabil.

**Birting opinna gagna:** Gagnaskráin er jafnframt birt sem opin gögn á vefnum island.is á slóðinni: <https://opengogn.is/dataset/fjarmal-reykjavikurborgar>. **Notkunarleiðbeiningar og upplýsingar um gagnaskrána** er að finna á eftirfarandi slóð: [http://reykjavik.is/sites/default/files/notkunarleidbeiningar\\_upplysingar\\_um\\_gagnaskra.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/notkunarleidbeiningar_upplysingar_um_gagnaskra.pdf)

## Lýsing á gagnasafni

Birtar eru samanteknar fjárhagsupplýsingar úr rekstri A-hluta borgarinnar, sem byggja á ársreikningum, árshlutauppgjörum og rekstraruppgjörum eftir stofnunum og þjónustubáttum. Birtingin gagna tekur mið af persónuverndarsjónarmiðum.

**Sjóðir:** Gagnaskráin inni heldur gögn fyrir þrjá sjóði **Aðalsjóð**, **Eignasjóð** og **Bílastæðasjóð**.

**Afstemming við uppgjör (rekstrarreikning og sjóðstreymi):** Tekjur eru birtar og stemmdar af við rekstrarreikning sjóða. Gjöld eru birt bæði vegna rekstrar og fjárfestinga. Þau er hægt að taka saman og skoða í heild eða greina sérstaklega og stemma af við útgjöld í rekstrarreikningi annars vegar eða útgjöld vegna fjárfestinga sem birtast í sjóðstreymi hins vegar.

**Skipulagseiningar:** Upplýsingar eru birtar og sundurliðaðar á skipulagseiningar Reykjavíkurborgar, sem flokkast annars vegar í rekstrareiningar og hins vegar í þjónustubætti, skv. eftirfarandi:

| Sjóður          | Svið | Svið (heiti)                       | Skipulagseiningar |
|-----------------|------|------------------------------------|-------------------|
| Aðalsjóður      | ÍTR  | Íþrótta- og tómstundasvið          | Rekstrareiningar  |
| Aðalsjóður      | MOF  | Menningar- og ferðamálasvið        | Rekstrareiningar  |
| Aðalsjóður      | RHS  | Miðlæg stjórnsýsla                 | Rekstrareiningar  |
| Aðalsjóður      | SFS  | Skóla- og frístundasvið            | Rekstrareiningar  |
| Aðalsjóður      | USK  | Umhverfis- og skipulagssvið        | Rekstrareiningar  |
| Aðalsjóður      | VEL  | Velferðarsvið                      | Þjónustubættir    |
| Aðalsjóður      | ÖNN  | Sameiginlegur kostnaður            | Rekstrareiningar  |
| Eignasjóður     | SEA  | Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | Rekstrareiningar  |
| Eignasjóður     | USK  | Umhverfis- og skipulagssvið        | Rekstrareiningar  |
| Bílastæðasjóður | BS   | Bílastæðasjóður                    | Rekstrareiningar  |

Öll svið eru birt á grundvelli rekstrareininga nema velferðarsvið sem er birt á grundvelli þjónustubátta. Skipulagseiningar eru birtar í 3 þrepum í gagnagátt á vef Reykjavíkurborgar, en í allt að 5 þrepum í opnum gögnum á island.is. Ef eyða er í reit fyrir skipulagseiningu er viðkomandi svið ekki að nota viðkomandi þrep til flokkunar í rekstri.

Efsta þrep í skipulagstré (þrep 5) er t.d. fagsvið en neðsta lag (þrep 1) er rekstrareining eða kostnaðarstaður. Í fjárhagsupplýsingakerfi Unit4 Business World On! (UBW) heitir skipulagstréð **Qlik-skipulagseiningar**, það byggir á gildandi skipulagi Reykjavíkurborgar árið 2016, en vegna persónuverndarsjónarmiða hafa rekstrareiningar sem eru með færri en 4 starfsmenn verið færðir saman, þar sem tekið er mið af flokkun með sambærilegum rekstri.

**Tegundaflokkun tekna og útgjalda:** Gagnaskráin er tekin saman og birt á tegundaflokkun tekna og útgjalda, þ.e. bókhaldslykla á bilinu 4000-8999. Undanskildir birtingu eru fjármagnsliðir (bókhaldslyklar 7000-7999). Tegundaflokkun tekna og útgjalda er birt í 3 þrepum skv. eftirfarandi:

| Þrep   | Heiti                             | Lýsing                  |
|--------|-----------------------------------|-------------------------|
| Þrep 1 | Yfirflokkur (minnsta sundurliðun) | Samantekt milliflokka   |
| Þrep 2 | Milliflokkur                      | Samantekt undirflokka   |
| Þrep 3 | Undirflokkur (mesta sundurliðun)  | Samantekt bókhaldslykla |

Upplýsingar niður að einstaka bókhaldslykla eru ekki birtar.

Í fjárhagsupplýsingakerfi UBW heitir tegundaflokkun tekna og gjalda **Qlik- tegundagreiningu innkaupa**, skiplagstré **númer 176**. Tekjur eru bókhaldslyklar á bilinu 4000-4999; gjöld eru bókhaldslyklar á bilinu 5000-8999 að undanskildum bókhaldslyklum 7000-7999 sem eru fjármagnsliðir.

**Birgjar:** Útgjöld eru birt sundurliðuð á birgja. Fram kemur heiti birgja skv. viðskiptamannabókhaldi Reykjavíkurborgar. Í gagnaskrá opinna gagna eru jafnframt birt númer birgja skv. viðskiptamannabókhaldi Reykjavíkurborgar.

**Birgjar sem ekki eru birtir:** Nöfn birgja eru ekki birt ef gögnin uppfylla persónuverndarsjónarmið. Um er að ræða eftirtalin gögn:

| Tegund útgjalda                                                | Lýsing                                                                                 |
|----------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------|
| Laun og launatengd gjöld                                       | Laun til starfsmanna                                                                   |
| Bifreiðastyrkir                                                | Styrkir til starfsmanna                                                                |
| Útlagður og endurgreiddur kostnaður                            | Greiðsla innt af hendi starfsmanns fyrir hönd vinnuveitanda sem hann fær endurgreiddan |
| Fjárhagsaðstoð og framfærslustyrkir                            | Styrkir til einstaklinga                                                               |
| Heimildagreiðslur                                              | Styrkir til einstaklinga                                                               |
| Húsaleigubætur                                                 | Styrkur til einstaklinga                                                               |
| Vistunargjöld og vistunarþjónusta                              | Greiðslur til einstaklinga og lögaðila fyrir vistunarúrræði                            |
| Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega                      | Niðurgreiðslur á fasteignagjöldum                                                      |
| Niðurgreidd dagvistunargjöld                                   | Niðurgreiðslur á dagvistunargjöldum                                                    |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar – rekstrar- og húsnæðisframlag | Greiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla                                           |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar - viðbótarframlag              | Greiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla                                           |
| Dagforeldrar - viðbótarframlag                                 | Greiðslur til dagforeldra                                                              |

Í fjárhagsupplýsingakerfi UBW er að finna fyrirspurnina: **Qlik- lyklar sem birgjanúmer er strippað af**. Hún gildir fyrir alla sjóði í A-hluta, Aðalsjóð, Eignasjóð og Bílastæðasjóð og sýnir lykla sem ekki birtast með birgjanúmeri óháð því hvaða birgjanúmer er í bókhaldi.

**Launakostnaður:** Þar sem ekki er heimilt að birta persónurekjanlegar launaupplýsingar þá eru allar rekstrareiningar (eining 1) sem eru með færri stöðugildi en fjögur færð undir aðra einingu í skipulagstré viðkomandi fagsviðs.

**Útlagður kostnaður starfsmanna:** Þegar starfsmenn leggja út fyrir kostnaði sem tilheyrir rekstri borgarinnar þá er endurgreiðslan oft á tíðum bókuð á birgjanúmer viðkomandi starfsmanns. Til að leiðrétta fyrir því er tekið út birgjanúmer starfsmanns og sett í staðinn birgjanúmerið 99922 „útlagt“. Frá og með árinu 2017 er þessi kostnaður flokkaður sérstaklega í bókhaldi.

**Dagpeningar og ferðakostnaður starfsmanna:** Dagpeningar og ferðakostnaður starfsmanna er birtur á birgjanúmer starfsmanna.

**Vísindasjóður:** Fjarlægð eru birgjanúmer af greiðslum frá Vísindasjóði árin 2014 og 2015. Greiðslur tilheyra ekki rekstri Reykjavíkurborgar heldur er um að ræða umsýslu og millifærslur í bókhaldi vegna greiðslna til starfsmanna í gegnum sjóðinn.

**Lágmarksupphæðir:** Útgjöld sem eru undir kr. 150.000 uppsafnað árin 2014 – 2016 eru ekki birt sundurliðuð á birgja í fjármálagátt á vef borgarinnar. Þessi gögn eru hins vegar birt í gagnaskrá opinna gagna á island.is.

**Innri viðskipti:** Innri viðskipti á milli Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs eru birt hjá hverjum sjóði fyrir sig.

## Tímabil gagna

Gögnin eru tekin saman og birt niður á ársfjórðunga skv. eftirfarandi skiptingu:

- 1 ársfjórðungur: janúar - mars;
- 2 ársfjórðungur: apríl - júní;
- 3 ársfjórðungur: júlí - september;
- 4 ársfjórðungur: október - desember.

Gögnin sem birt hafa verið eru frá upphafi ársins 2014. Viðbótargögnum er bætt við um leið og þau hafa verið samþykkt og gerð opinber.

## Útgáfuáætlun

Gögnin eru tekin saman á þriggja mánaða fresti og birt uppsöfnuð frá byrjun árs til loka hvers þriggja mánaða tímabils. Útgáfuáætlun er skv. eftirfarandi:

- |                                     |               |
|-------------------------------------|---------------|
| 1 ársfjórðungur: janúar – mars      | 15. júní      |
| 2 ársfjórðungur: apríl – júní       | 15. september |
| 3 ársfjórðungur: júlí – september   | 15. desember  |
| 4 ársfjórðungur: október – desember | 1. maí        |

## Staðlar

Gögn eru birt í samræmi við rekstrar- og skipulagslega uppbyggingu hjá Reykjavíkurborg. Gögnin eru stemmd af við uppgjör sjóðanna. Framsetning gagnanna eru að öðru leyti ekki byggð á opinberum stöðlum.

## Forsendur birtingar

Forsendur birtingar eru að uppgjör fyrir viðkomandi tímabil liggi fyrir og hafi verið samþykkt og birt opinberlega með tilkynningu í Kauphöll.

## Ábyrgðarmaður

Fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

## Umsjónarmaður

Sérfræðingur fjármálaskrifstofu, áætlunar – og greiningardeild. Hægt er að senda fyrirspurnir um gögnin á netfangið [qlik.qap.opinfjarmal@reykjavik.is](mailto:qlik.qap.opinfjarmal@reykjavik.is)